

Fundur í fræðslunefnd Langanesbyggðar haldinn í Grunnskólanum á Þórshöfn miðvikudaginn 9. Janúar kl 16:00.

Mætt: Siggeir Stefánsson formaður, Ingveldur Eiríksdóttir, Halldóra Jóhanna Friðbergsdóttir, Hilma Steinarsdóttir, Halldóra Sigríður Ágústsdóttir, Hildur Stefánsdóttir, Stefán Benjamínsson, Bylgja Sigurgeirsdóttir, María Guðmundsdóttir, Ólöf Arnmundsdóttir, Kristinn Lárusson og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Siggeir setti fundinn og kynnti dagskrá fundarins.

Dagskrá:

1 Stutt skýrsla skólastjóra allra skóla

Ingveldur skólastjóri GP flutti stutta skýrslu

- Byrjun annarinnar fer vel af stað þó svo að sum börnin skili sér seint úr jólafríi.
- Breytingar í starfsmannamálum kynntar. Sigríður Klara farin í fæðingarorlof. Arnheiður Jónsdóttir ráðin í 100% stöðu í 1. bekk í staðinn fyrir hana og samhliða því gerðar breytingar á kennslufyrirkomulaginu hjá 1. og -2. bekk. Petra Kristjánsdóttir hefur einnig verið ráðin til að sinna sérkennslu og þjónustu við tvítyngd börn.

Lagt til að þessir kennarar yrðu ráðnir við GP.

Samþykkt af 4 fulltrúum en 1 fulltrúi sat hjá

María skólastjóri GB flutti stutta skýrslu

- Próf í fullum gangi.
- Nýr nemandi bættist í hópinn í desember og það gengur ágætlega.
- Niðurstöður úr Skólalúlsinum komu vel út.
- Hlíðarskóli á Akureyri er búinn að hafa samband og vill fá kynningu á vinnustofunum. Ingvar kemur 7. febrúar og verður í vinnustofunni. Nánari upplýsingar um þá vinnustofu verða sendar út í tövlupósti.
- Foreldraviðtöl um miðjan janúar.
- Skólaþjónustan kom síðast 10 desember. Fundarmenn sammála um að það þurfi að funda sérstaklega og fara yfir mál skólaþjónustunnar.
- Árlegt þorablót framundan.
- Nemendafélagið hélt skemmtun á þrettándanum.
- Þarf að endurskoða fyrirkomulagið á íþróttum á meðan sundlaugin er biluð.

Halldóra flutti skýrslu leikskólastjóra

- Allir mættu hressir eftir langt jólafrí.
- Starfsdagur 2. jan og þá fóru starfsmenn á skyndihjálparnámskeið, sem var þarft og gott.
- Aðlögun í gangi. 4 nýjir að koma inn. Þá eru 19 börn á Stekk og 13 á Sel og allt orðið fullt. Leikskólastjóri kom inn á stöðuna á biðlista vegna leikskóla.
- Íþróttir liggja niðri meðan sundlaugin er biluð þar sem salurinn er upptekinn.
- Securitas kom og setti upp brunakerfi í Stekk.

2 Starfsmannamál

Tekið undir skýrslu hvers skólastjóra eftir þörfum.

3 Umbótaáætlun GP

Siggeir kynnti að farið yrði yfir áætluna og lesið saman lið fyrir lið. Tók það fram að fundarmenn þyrftum að fara yfir þetta með opnum huga. Sumt er búið, annað í vinnslu, sumt á ekki við lengur og annað er áriðandi að fara í.

Ingveldur dreifði áætlunni. Halldóra Sigríður las upp tillögur til úrbóta og aðgerðir til úrbóta. Ingveldur fór yfir um hvernig þetta stæði í dag og hvað framundan er.

Ákveðið að Ingveldur taki saman svar til að senda ráðuneytinu í samráði við formann fræðslunefndar. Ákveðið að svarið verði sent á fræðslunefnd til umsagnar áður en endanlegt svar verði sent á Menntamálaráðuneytið.

Fleira ekki gert
fundi slitið 18:40